

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með influtningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Bandaríkin
Grænland
Kanada
Nýja Sjáland

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Portó Ríkó, enda komi mjölið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

Heimilt er að flytja inn lýsi frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. enda komi lýsið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 572 frá 17. júlí 2002, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- og/eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum sem ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innihalda litarfnið Sudan I séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins þurrkaðan, gróf- eða fín malaðan sterkan chilépipar af ættinni *Capsicum* eða afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki litarefnið Sudan 1.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki Sudan 1 litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og öðlast gildi við birtingu. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII kafla, II. viðauka (2003/460/EB).

Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. orðast svo:

Þeir sem flytja inn, framleiða, markaðssetja, leigja eða dreifa leikvallatækjum hér á landi eða ætla að flytja þau út til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu skulu geta sýnt fram á að viðkomandi tæki uppfylli kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallatæki og undirlag þeirra, ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I. Þetta skal a.m.k. gert með yfirlýsingu framleiðenda, ásamt rökstuddri umsögn þar sem fram skulu koma tæknilegar upplýsingar um einstök leikvallatæki unnin af aðila með sérþekkingu á framangreindum stöðlum og með hliðsjón af ÍST EN 45004.